

Alþingi
Erindi nr. P 132/1783
komudagur 25. 4. 2006 24. apríl 2006

LANDBÚNAÐARNEFND ALÞINGIS
c/o Elísabet Rán Andrésdóttir, nefndarritari
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

UMSÖGN

Málefni: 596. mál - Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum

Fisksjúkdómanefnd fagnar því að fram er komin heildar endurskoðun laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og þeim skipt upp í fimm ný lagafrumvörp. Á meðal þessara frumvarpa eru sérstök lög um varnir gegn fisksjúkdómum sem fisksjúkdómanefnd lætur sig sérstaklega varða.

Fisksjúkdómanefnd ákvað á fundi sínum þann 6. apríl síðastliðinn að senda landbúnaðarnefnd eftirfarandi athugasemdir vegna frumvarps til laga um varnir gegn fisksjúkdómum:

1. Varðar 1. grein.

Með skírskotun til titils lagafrumvarpsins, sem hefur viðá merkingu, þykir skjóta nokkuð skökku við að í 1. grein sé markmið laganna bæði þrengt og takmarkað. Svo ný fisksjúkdómalöggjöf þjóni hlutverki í víðu samhengi leggur fisksjúkdómanefnd til að nýr texti 1. greinar hljóði eftirfarandi:
„Markmið laga þessara er að vernda lífríki vatna, vatnafiska og lagardýra sem alin eru í eldisstöð á landi eða í sjó með því að sporna við smitsjúkdómum.“

2. Varðar 3. grein.

Nauðsynlegt er að skilgreina hugtakið „dauður fiskur“, sem m.a. kemur fyrir í 9. grein lagafrumvarpsins. Er hér átt við sjálfdaudan fisk, sláturfisk (ferskan eða frosinn) eða afurðir lagardýra almennt?

3. Varðar 4. grein.

Vakin er athygli á að núverandi fisksjúkdómanefnd gegnir ekki eingöngu hlutverki ráðgjafanefndar gagnvart stjórnvöldum. Nefndin er ekki síður viðbragðsnefnd ef alvarlegir smitsjúkdómar koma upp, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum.

Það kom fram á liðnu ári að ekkert vald skyldi fært frá ráðherra til nýrrar Landbúnaðarstofnunar. Þessu til stuðnings má benda á lög nr. 76/2005 (bandorm laga um Landbúnaðarstofnun). Í framhaldi af því vaknar sú spurning hvort nauðsyn sé að skipa sérstaka ráðgjafanefnd fyrir Landbúnaðarstofnun? Fisksjúkdómanefnd leggur til að í stað þess fyrirkomulags sem boðað er í ofangreindu frumvarpi varðandi skipan nýrrar fisksjúkdómanefndar, verði notaður texti 43. gr. laga nr. 76/2005 um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar:

„Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn fisksjúkdómamála. Honum til aðstoðar er fisksjúkdómanefnd. Í henni eiga sæti yfirdýralæknir sem er formaður nefndarinnar og

auk hans einn fulltrúi Landbúnaðarstofnunar, fiskistofustjóri og forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Ef atkvæði verða jöfn í nefndinni skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Fisksjúkdómanefnd skal hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í kafla þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.“

Nefndin telur það mun eðlilegra að það sé óháð nefnd - Fisksjúkdómanefnd sem skuli hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir, en ekki Landbúnaðarstofnun, sem er fyrst og fremst stjórnsýslu - og eftirlitsstofnun.

4. Varðar 9. grein.

Útskýra þarf nánar hvað átt er við með dauðum fiski, sbr. lið 2 hér að framan.

5. Varðar 10. grein.

Í þessari grein skal grípa til viðbragða sem að mati fisksjúkdómanefndar stangast á við nágildandi lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Í þeim lögum er skýrt kveðið á um hvernig fara skuli með varnaraðgerðir þegar upp kemur smitandi sjúkdómur. Samkvæmt þeim getur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Landbúnaðarstofnunar (í samræmi við lög nr. 76/2005 um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar) fyrirskipað hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma.

Fisksjúkdómanefnd leggur því eindregið til að gætt verði þess að fullt samræmi verði með lögum þessum og lögum nr. 23/1995 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

6. Varðar 11. grein.

Fisksjúkdómanefnd telur að 1. mgr. 11. greinar segi allt sem segja þarf í þessu samhengi. Málsgreinum 2 og 3 er ofaukið og strika ber báðar út.


Í athugasemdum um 11. grein frumvarpsins skal á það bent að vitnað er til úreltra reglugerða sem felldar voru úr gildi í apríl 2005. Þetta eru reglugerðir nr. 525/2003, 526/2003, 527/2003 og 528/2003. Í stað þeirra hefur landbúnaðarráðherra gefið út reglugerðir nr. 446/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra, nr. 447/2005 um lágmarksráðstafanir innan EES-svæðisins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum, nr. 448/2005 um eftirlit með heilbrigði eldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins og nr. 449/2005 um eftirlit með heilbrigði eldisdýra sem flutt eru til EES-svæðisins frá þriðju ríkjum.

Að lokum skal það áréttað að frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum (og smíði reglugerða í kjölfarið) verða að taka mið af skuldbindingu íslenskra stjórnvalda sem staðfest var með undirritun EES-samningsins. Við undirritun var m.a. samþykkt að innleiða tilskipun ráðsins nr. 91/67/EBE frá 28. janúar 1991, *um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis sem áhrif hafa á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra*, í íslenskan rétt. Eins og kunnugt er staðfesti Alþingi þann 10. nóvember 2003 setningu bráðabirgðalaga nr. 103/2003 vegna lögleiðingar tilskipunar 91/67/EBE um eldisdýr sem tóku gildi þann 1. júlí 2003. Með lögfestingu tilskipunarinnar voru fjölmargar reglur um heilbrigðisskilyrði og eftirlit með eldisdýrum og afurðum þeirra innleidd í íslensk lög með því að veita ráðherra heimild til að gefa út reglugerðir um efni tilskipunarinnar. Við setningu nýrra laga er nauðsynlegt að taka tillit til ofangreindra

skuldbindinga og ekki er leyfilegt að stofna til íþyngjandi ákvæða eins og tilfellið virðist á einstaka stað í umræddu frumvarpi.

Að lokum er hér með óskað að fisksjúkdómanefnd fái fund með landbúnaðarnefnd svo kostur gefist til frekari útskýringa á ofangreindum athugasemdum.

F.h. fisksjúkdómanefndar;

A handwritten signature in black ink, reading "Halldór Runólfsson". The signature is written in a cursive style with a horizontal line underneath.

Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir
formaður